

Aðalfundur Kennarafélags FSu 2015

Aðalfundur Kennarafélags FSu. haldinn kl. 14.50 þann 8. september 2015 í sal skólans. Formaður, Gylfi Þorkelsson, setti fund og stakk upp á Ragnari Brynjólfssyni sem fundarstjóra. Samþykkt einróma. Ragnar tók við stjórn fundarins og stakk upp á Ingunni Helgadóttur sem fundarritara. Var það sömuleiðis samþykkt einróma. Því næst var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar:

Formaður félagsins, Gylfi Þorkelsson, nefndi að lítið hefði verið um formlega stjórnarfundi frá síðasta aðalfundi en því meira um aðra fundi, flesta á vegum FF. Meginstefið í starfi síðasta árs var umræða og átök um nýtt vinnumat fyrir framhaldsskólakennara, sem var hluti af þeim kjarasamningi sem gerður var vorið 2014. Öll störf fyrir Kennarafélag FSu hafa snúist um vinnumatið og margir fundir sóttir hjá Félagi framhaldsskólakennara sem tengdust því. Þar var mikið um deilur.

Unnið var að undirbúningi kosninga um vinnumat snemma árs 2015, þar sem fyrirliggjandi vinnumat var fellt. Stjórn FF tók sér þá fyrir hendur að „sníða gallana af“ vinnumatinu og lagði það svo „endurbætt“ aftur fyrir félagsmenn, sem þá samþykktu vinnumatið naumlega.

Boðað var til opins félagsfundar í FF á vordögum 2015. Fundurinn var fjölsóttur og haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar var rætt um þau málefni félagsins sem deilur hafa staðið um undanfarin ár, til dæmis vegna Vísindasjóðs.

2. Ársreikningar félagsins

Formaður afhenti fundargestum ljósrit af ársreikningi félagsins. Þar kom fram að:

- tap ársins var kr. -52.889
- eign á bankareikningi er kr. 116.499

-Guðmundur Björgvin, lagði orð í belg og sagði að á aðalfundi FF hafi komið tillaga um að auka tekjur til félaga.

-Þórarinn Ingólfsson sagði að framlag frá FF væri ekki nægilega mikil, ekki er hægt að reka félagsdeildina með tapi.

-Formaður nefndi að framlög FF til félagsdeilda væri ákveðin í samræmi við starfsemi þeirra, t.d. fjölda skráðra funda. Skilyrði fyrir því að fá greiðslur úr sjóðum FF er að skila inn svokallaðri skilagreini yfir starfsemi félagsdeilda. Sumar þeirra skila engum pappírnum og fá því engin framlög.

Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

3. Lagabreytingar:

Engar lagabreytingatillögur bárust fyrir útsendingu fundarboðs og eru því ekki á dagskrá.

4. Kosningar til trúnaðarstarfa

Eftirtaldir hlutu kosningu:

- Fulltrúar kennara í öryggistrúnaðarnefnd:*
Svanur Ingvarsson og Sigurður Grímsson. Með þeim í nefndinni eru Arnlaugur Bergsson og Guðjón Þór Emilsson.
- Félagslegir trúnaðarmenn KÍ:*
Guðmundur Björgvin Gylfason var kjörinn trúnaðarmaður til tveggja ára á síðasta aðalfundi og verður því eitt ár í viðbót. Kosin til tveggja ára var: Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir.
- Fulltrúar í samstarfsnefnd:*

Guðbjörg Grímsdóttir, Helgi Hermannsson og Guðmundur Björgvin Gylfason.

Varamenn: Sverrir Geir Ingibjartsson og Ægir Pétur Ellertsson.

d) *Stjórn Kennarafélags FSu:*

Ragnheiður Eiríksdóttir, Tómas Davíð Ibsen Tómasson, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason.

Varamenn í stjórn: Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Ægir Pétur Ellertsson

e) *Fagráð kennarafélags FSu:*

Bryndís Guðjónsdóttir, Sigursveinn Sigurðsson og Ágústa Ragnarsdóttir.

5. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár:

Fráfarandi formaður kynnti, sagði að stofnanasamningar og vinnumat yrðu væntanlega aðal verkefni nýrrar stjórnar en jafnframt að ný stjórn myndi setja sér starfsáætlun á fyrsta fundi sínum.

Guðmundur Björgvin benti á að til væri sjóður til að efla samstarf milli félaga. Áhugi væri fyrir að reyna að efla samstarf til dæmis við ML, fara í fagheimsóknir með mögulegum styrk frá Kennarasambandinu.

6. Önnur mál:

Gísli Skúlason tók til máls og undraði sig á umræðu um gríðarlegar launahækkanir til framhaldsskólakennara. Hverjar eru þessar hækkanir spyr Gísli?

Þórarinn Ingólfsson sagði að launahækkun frá því fyrir verkfall og fram á þennan dag væri gróflega á milli 25 og 30%, sennilega um 27-28%.

Fráfarandi formaður þakkar félögum fyrir góðan stuðning við sig í starfi undanfarin ár, en oft og tíðum reyndi töluvert á í átökum um nokkur mál.

Guðbjörg Dóra leggur til að fundurinn þakki fráfarandi formanni fyrir störf hans í þágu félagsins. Það er gert með lófaklappi.

Fundi slitið kl 15.40

Fundarritari Ingunn Helgadóttir